

## Töfrar Hallormsstaðarskógar, englar og nátthúfutungr birtast í barnaherbergi

Ekki alls fyrir löngu stóð fyrir dyrum að undirbúa sérherbergi fyrir tveggja ára gamla stúlku á Egilsstöðum. Veltu foreldrarnir vöngum yfir því hvernig best mætti haga innanstokksmunum og litavali á veggjum, þannig að barninu liði sem best í vistarverunni og fyndi þar bæði umvefjandi og örvandi andrúmsloft.

Úr varð að biðja Unni Sveinsdóttur, sem m.a. er þekkt fyrir hönnun sína og gerð leikmynda, að vinna málverk beint á einn vegg herbergisins og hluta loftsins. Unnur málaði fyrst 10m<sup>2</sup> langvegg og flæddi málverkið yfir á aðliggjandi vegg. Þemað var náttúra Hallormsstaðarskógar og bregður þar fyrir dvergum, fuglum með unga í hreiðri, fiðrildum og maríuhænum, kanínu, mús og gróskumiklum blóm- og móagróðri. Þá var á loftið málaður næturhiminn, þar sem nátthúfutungr, bústnir englar og stjörnumerki ljósins leika aðalhlutverk í skýjarofi. Rúm barnsins stendur einmitt beint undir næturhimninum.

Unnur segir afar skemmtilegt að vinna svona herbergismynd, en því miður sé ekki algengt að fólk láti mála myndir beint á vegg í barnaherbergjum. Líklega sé það vegna þess að í seinni tíma húsum séu barnaherbergi oft svo lítil og offyllt af dóti. Hún segist hafa haft í huga að veggmyndin yrði fjölbreytt, lifandi og raunveruleg upp að vissu marki. “Ég lagði áherslu á að lengi yrði hægt að sjá eitthvað nýtt út úr myndinni og ýmislegt væri gefið í skyn með óljósum pensilstorkum til að örva ímyndunaraflið” segir Unnur. “Þetta er heimur til að ferðast í um langan tíma. Góður og hlýr heimur, þar sem allir eru vinir og góðgjarnir og ekkert ljótt fær þrífist. Þar er hásumar, hádagur, ekkert á leiðinni niður á við og allt í blóma.”

Myndverkin tvö hafa vakið óskipta athygli þeirra sem séð hafa og litla stúlkan er alsæl með ævintýraheiminn sinn.

Unnur Sveinsdóttir er frá Stöðvarfirði og hefur með hléi búið í um áratug á Fljótsdalshéraði, í Fellabæ nánar tiltekið. Hún er menntuð úr skúlptúrdeild Myndlista- og handíðaskólans og vann hjá Sviðsmyndum í Reykjavík að leikmyndagerð. Nú starfar Unnur sem myndmenntaleiðbeinandi í Fellaskóla og hefur jafnframt unnið að stórum sviðsverkum fyrir Óperustúdíó Austurlands, Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Jazzhátíð og kvikmyndina Kaldaljós.

Tímarit Heimilis og skóla, SÁ 2003.